

12. desember 1999 | Sunnudagsblað | 2555 orð | 1 mynd

Spilafíklar skipta þúsundum

UM 900 spilakassar eru á liðlega 370 stöðum í landinu. Eðli spilakassanna er ólíkt, þeir eru með mismunandi peningaspil og veita misháa vinninga, og þeir eru ýmist á veitingastöðum eða söluturnum.

UM 900 spilakassar eru á liðlega 370 stöðum í landinu. Eðli spilakassanna er ólíkt, þeir eru með mismunandi peningaspil og veita misháa vinninga, og þeir eru ýmist á veitingastöðum eða söluturnum.

Tvö fyrirtæki gera út spilakassana, annars vegar Íslenskir söfnunarkassar sf. sem eru í eigu Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið og hins vegar Happprætti Háskóla Íslands.

Á veitingastöðum og í söluturnum

Íslenskir söfnunarkassar eiga samtals 550 spilakassa sem eru á 320 stöðum. Yfirleitt eru einn til tveir kassar á hverjum stað, en í einstaka tilvikum þrír eða fleiri. Kassar Íslenskra söfnunarkassa eru aðallega tvenns konar. Mikill meirihluti þeirra, svokallaðir lukkuskjáir, eru í söluturnum, á biðstofum og fleiri stöðum sem fólk á leið um. Yfirleitt er unnt að velja um fimm leiki í hverjum kassa. Hægt er að leggja undir frá 10 og upp í 100 krónur í hvert sinn og hæsti vinningur er 5.000 kr. Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er óheimilt að spila í kössunum.

Fyrirtækið rekur einnig spilakassa á vínveitingastöðum þar sem aldurstakmark er 18 ár. Meiri spilavítisbragur er yfir þeim og einn spilaleikur í hverjum kassa. Hægt er að leggja undir frá 50 og upp í 250 krónur í hvert sinn og vinningar eru að hámarki 15.000 kr.

Happprætti Háskóla Íslands rekur 350 happprættisvélar á 50-60 stöðum. Kassarnir eru eingöngu á vínveitingahúsum eða í sérstökum spilasölum þar sem aldurstakmark er 18 ár. Spilakassar HHÍ eru aðallega af tveimur gerðum sem nefnast Gullregn og Gullnámán. Í Gullnámunni er hægt að leggja undir frá 50 til 150 krónur í hvert sinn og almennir vinningar eru frá 50 krónum og upp í 30 þúsund. Í þessum kössum, sem eru samtengdir, safnast upp vinningar í gullpott og silfurpott. Meðaltal vinninga úr gullpottinum er 7 milljónir en hæst hefur potturinn farið í 18 milljónir. Meðaltal vinninga úr silfurpottinum er 115 þúsund kr.

Hin gerð kassa hjá HHÍ er Gullregn. Þar er unnt að leggja undir 50 til 250 krónur og vinningar eru á bilinu frá 50 krónum og upp í 125 þúsund. Happprætti Háskólans greiðir 20% gjald til ríkisins af hagnaði sínum, vegna einkaleyfis á að reka peningahappprætti.

Milljarður í hagnað

Hagnaður af rekstri spilakassafyrirtækjanna nemur um milljarði króna á ári. Á síðasta ári nam hagnaðurinn 1.069 milljónum kr., að því er fram kom í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar alþingismanns. Fyrstu sex mánuði ársins nam hagnaður fyrirtækjanna liðlega 580 milljónum kr. Þannig að útlit er fyrir að hann verði heldur meiri í ár en í fyrra.

Hagnaður Íslenskra söfnunarkassa nam 834 milljónum kr. á síðasta ári. Hefur ágóðinn verið svipaður undanfarn þrjú ár og virðist starfsemin hafa náð jafnvægi á árinu 1997, að sögn Magnúsar Snæbjörnssonar framkvæmdastjóra.

Hagnaður af rekstri spilakassa Happprættis Háskóla Íslands nam 235 milljónum á síðasta ári og miðað við upplýsingar um fyrri hluta ársins stefnir í 300 milljóna króna hagnað í ár. Hefur hagnaður af spilakassarekstri HHÍ vaxið ár frá ári, að sögn Guðmundar Sigurbergssonar rekstrarstjóra, enda er það fyrirtæki yngra á markaðnum.

Allur hagnaður af rekstri spilakassafyrirtækjanna rennur til stofnana og félagasamtaka sem vinna í þágu almennings og í öllum tilvikum skiptir fjáröflunin miklu máli fyrir viðkomandi aðila. Rauði kross Íslands fær um 530 milljónir kr. af hagnaði Íslenskra söfnunarkassa, Slysavarnafélagið Landsbjörg liðlega 200 milljónir og Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið fær rúmar 90 milljónir, ef miðað er við hagnað síðasta árs. Allur ágóði af Happprætti Háskóla Íslands rennur til bygginga Háskólans.

Fjármagnar starfsemi RKÍ

Áætlað er að heildartekjur Rauða kross Íslands nemi um 690 milljónum kr. í ár. Þar af eru tekjur af spilakössum um 530 milljónir kr., eða 77% af tekjunum. Aðrar tekjur nema 160 milljónum og þar af koma 46 milljónir kr. frá ríkinu vegna reksturs sjúkrabíla en auk þess eru peningar úr söfnunum, húsaleigutekjur, sala á bókum og námskeiðum og fleira. Hluti af spilakassatekjum RKÍ rennur beint til deilda félagsins, sem eru liðlega 50 talsins, og hluti fer beint til erlends hjálparstarfs.

Meginhluti af starfsemi Rauða krossins er því fjármagnaður með tekjum af spilakössum og segir Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri að starfsemin myndi lamast ef rekstur spilakassa yrði bannaður. Það tæki samtökin að minnsta kosti ákveðinn tíma að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum. Meðal verkefna sem Rauði krossinn vinnur að nefnir Sigrún rekstur sjúkrabífreidda og menntun sjúkraflutningsmanna, aðstoð við hælisleitendur og flóttamenn, neyðarathvarf fyrir börn og unglíng og geðfatlaða, erlent hjálparstarf og ýmis sjálfbóðaliðaverkefni.

[Spilaleikir sem gefa von um háa vinninga og útkoman liggur fljótt fyrir eru taldir hættulegri fyrir spilafíkla en önnur spilamennska. Hámarksvinningar í Gullregni, sem hér er í notkun, eru 115 þúsund krónur.](#)

Spilaleikir sem gefa von um háa vinninga og útkoman liggur fljótt fyrir eru taldir hættulegri fyrir spilafíkla en önnur spilamennska.

Hámarksvinningar í Gullregni, sem hér er í notkun, eru 115 þúsund krónur.

Þær rúmu 200 milljónir sem Slysavarnafélagið Landsbjörg fær út úr spilakössunum renna óskiptar til björgunarsveitanna í landinu. Kristbjörn Óli Guðmundsson framkvæmdastjóri segir að söfnunarkassarnir standi yfirleitt undir helmingi af tekjuöflun sveitanna, á móti flugeldasölu. Á stærstu stöðunum sé flugeldasalan þó hærra hlutfall. "Þessi fjáröflun stendur undir björgunarstarfinu. Ef hún félli niður þyrfti að draga saman í starfinu á meðan leitað væri að einhverju í staðinn," segir Kristbjörn Óli.

SÁÁ fær liðlega 90 milljónir á ári út á hlut sinn í Íslenskum söfnunarkössum. Á síðasta ári gengu 70 milljónir af þessu fé til að greiða halla af meðferðarstarfi SÁÁ á Vog, Vík og Staðarfelli. Ríkið greiddi á árinu 240 milljónir fyrir þessa þjónustu en reksturinn kostaði yfir 300 milljónir. Afgangurinn af spilakassapeningunum rennur til að halda við húsum og til annarra verkefna á vegum samtakanna. Að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis samsvarar þessi fjáröflun rekstrinum á Vog í hálf tveim árum eða öllum rekstri á eftirmeðferðarstöðunum í Vík og á Staðarfelli í eitt ár. Hann segir að fjárveitingarvaldið geri ráð fyrir þessum peningum. Ef heimild til reksturs spilakassanna félli niður þyrfti ríkið því að auka framlag sitt, miðað við óbreyttan rekstur.

Tekjum framtíðarinnar ráðstafað

Happdrætti Háskóla Íslands fjármagnar nýbyggingar Háskóla Íslands, viðhald fasteigna, tækjakaup og endurbætur á háskólalóð. Í ár er gert ráð fyrir að tekjur af happdrættinu nemi 325 milljónum kr., og kemur verulegur hluti þeirra úr spilakössunum því þeir skiluðu happdrættinu 235 milljónum kr. á síðasta ári. Í fyrra voru lagðar 368 milljónir í nýbyggingar, 110 milljónir í viðhald, 40 milljónir fóru til tækjakaupa og 13 milljónir til kaupa á húsgögnum og búnaði, samtals 530 milljónir kr. Stærsta einstaka framkvæmdin er Náttúrufræðihús en í það voru lagðar 220 milljónir kr., þar af 43 milljónir sem komu af fjárlögum vegna starfsemi Náttúrufræðistofnunar sem einnig verður í húsinu.

Munurinn á tekjum happdrættisins og framkvæmdafé skýrist af því að tekið var 180 milljóna króna lán sem greitt verður af tekjum happdrættisins í framtíðinni. Með þeirri lántöku og fyrri lánum virðist vera búið að ráðstafa verulegum hluta af tekjum happdrættisins í framtíðinni.

Bannað börnum

Eins og sést á þessu rennur allur hagnaður af spilakössunum til þarfra verkefna. Hins vegar hefur rekstur spilakassa sínar dökku hliðar. Ofnotkun þeirra gerir fólk að spilafíklum og getur þannig haft mjög alvarleg áhrif á líf fjölda fólks. Stundum hefur einnig komið fram gagnrýni á að börn og unglingar undir 16 ára aldri geti spilað. Stjórnendur spilakassafyrirtækjanna segjast leggja mikla áherslu á að koma í veg fyrir það, í samvinnu við þá sem reka staðina. Fjöldi kassa er á vinnveitingastöðum og í sérstökum spilasölum þar sem fylgt er eftir 18 ára aldurstakmarki. Erfiðara er að eiga við kassa í söluturnum og á öðrum opnum stöðum sem börn og unglingar sækja. Magnús Snæbjörnsson hjá Íslenskum söfnunarkössum segir að ef menn verði varir við brot á reglum sé viðkomandi rekstraraðila sent aðvörunarbréf og kassarnir síðan fjarlægðir ef það dugi ekki. Segir hann að dæmi séu um að kassar hafi verið teknir í burtu en það sé þá yfirleitt í samvinnu við rekstraraðila á stöðum þar sem erfitt hafi verið að hafa nauðsynlegt eftirlit. Þá segir hann að gerðar hafi verið tilraunir með að setja upp búnað sem geri afgreiðslufólki kleift að slökkva á kössunum með fjarbúnaði, til dæmis ef börn sækja í spilamennsku eða von er á hópum unglinga í frímínútum skóla.

Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, tekur undir orð stjórnenda spilakassafyrirtækjanna, um að lítið sé um kvartanir vegna þess að börn undir aldri séu að spila.

3-4 þúsund spilafíklar?

Ekki er vitað hversu algeng spilafíkn er meðal Íslendinga. Í upplýsingum sem SÁÁ hefur tekið saman kemur fram að tölur frá Evrópu og Bandaríkjunum séu á einn veg: Fjárhættuspil og sjúkleg spilahegðun er algengust hjá ungu fólki og minnkar eftir miðjan aldur. Stórar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum sýna til dæmis að meðal almennra borgara á aldrinum 16 til 21 ára eru um 20% með sjúklega spilahegðun og 5,8% eru hreinir spilafíklar. Hjá þeim sem eru 21 ára og eldri eru sambærilegar tölur 4% og þar af liðlega 1% hreinir spilafíklar.

Ef hlutföllin frá Bandaríkjunum eru yfirfærð á Íslendinga má áætla að um 12 þúsund landsmanna eigi við sjúklega spilafíkn að stríða, þar af 4-5 þúsund ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára. Með sama hætti má áætla að hreinir spilafíklar séu 3-4 þúsund, þar af 1000-1500 á aldrinum 16 til 20 ára.

Sífelld fleiri sjúklingar sem koma á Vog vegna áfengissýki eiga einnig við spilavanda að stríða. Af þeim ástæðum var gerð könnun meðal þeirra sem lögðust inn á árinu 1998 til að greina spilafíkn. Niðurstöðurnar sýna að 184 einstaklingar, eða rúmlega 11% af innlögðum einstaklingum á Vog, greinast spilafíklar. Þar af eru 165 karlar en aðeins 19 konur. Meðalaldur hópsins er 33 ár en alls voru 74 spilafíklanna undir 25 ára aldri og 45 undir 20 árum. Tveir þeir yngstu voru 15 ára. Sá elsti var 74 ára. Það skal ítrekað að könnunin var gerð meðal þeirra sem koma í meðferð á Vog af öðrum ástæðum. Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir segir að tiltölulega fáir komi þangað til meðferðar sérstaklega vegna spilafíknar. Segir að svo virðist sem menn vilji leyna þessum vanda og skammist sín fyrir sjúkdóminn.

SÁÁ rekur göngudeild fyrir áfengissjúklinga og þangað koma einnig spilafíklar. Gísli Stefánsson dagskrárstjóri segir að samkvæmt lauslegri talningu frá 24. nóvember hafi frá áramótum komið 68 einstaklingar sem eingöngu eiga við spilafíkn að etja og auk þess 42 áfengissjúklingar sem einnig eru að kljást við spilavanda. Samtals eru þetta 110 einstaklingar. Telur Gísli að fjöldinn sé svipaður ár frá ári. Þannig hafi verið rúmlega 83 einstaklingar í stuðningshópi göngudeildarinnar fyrir spilasjúklinga.

Spilasjúklingar og aðstandendur þeirra eiga sér sjálfshjálparsamtök, hliðstæð þeim sem alkóhólistar og aðstandendur þeirra hafa myndað. Heita samtökin Gamblers Anonymous eða GA-samtökin.

Spila sig í 5-7 milljóna króna skuld

Vandi fólksins sem er til meðferðar á Voggi er afar mismunandi. Þórarinn segir að þeir sem fari verst út úr spilafíkn sinni séu vinnandi menn sem hafi lánstraust. Þeir taki lán til að svara spilafíkn sinni og fái síðan jafnvel lán til að leysa málin en noti þau einnig til að spila. Með því að nýta allt lánstraustið geti venjulegur maður komið sér í 5-7 milljóna króna skuld og komið fjölda annarra einstaklinga í fjárhagsvanda. Þórarinn segir að mál unglunga og eldra fólks séu iðulega öðruvísi, þar séu frekar dæmi um að fólki klári ráðstöfunarfé sitt í spilakössum og tapi eignum, en minna sé um að þar safnist upp milljóna skuldir.

Gísli Stefánsson hefur svipaða sögu að segja af göngudeild. Segir að unga fólkið verði fljótt blankt en þeir eldri geti lengi spilað út á íbúðir sínar eða aðrar eignir og margir hafi tapað miklum eignum áður en þeir leita sér aðstoðar.

Þórarinn segir að hættulegustu freistingar spilafíklisins séu fjárhættuspil þar sem boðið er upp á háa vinninga og ekki þurfi að bíða lengi eftir útkomunni. Samkvæmt því eru Gullnámukassarnir með hættulegri spilatakjum sem hér eru á markaðnum. Aðrir spilakassar eru ekki eins mikil freisting en Þórarinn segir að þar geti fíklarnir haldið fíkn sinni við. Og hann segir að vandinn sé alls ekki bundinn við spilakassa. Menn geti haldið fíkninni við í lóttói, getraunum, skafmiðum og happdrættum. Þá segir hann að spil geti verið hættuleg, þar sem menn telji sig geta notað þekkingu sína og reynslu til að ráða útkomunni, einnig ef unnt sé að tvöfalda vinninginn með því að leggja allt undir. Nefnir hann í þessu sambandi þegar menn spila brids eða póker upp á peninga.

Þórarinn segir að allt þjóðfélagið virðist ganga út á spennu og leiki, meðal annars verslun og viðskipti. Hefur hann sérstakar áhyggjur af unga fólkinu sem er veikara fyrir að þessu leyti, og að verið sé að ala upp nýja kynslóð sem hugsi sífellt um nýja leiki, happdrætti og afslætti.

Þar sem mikil samkeppni hefur verið á fjárhættuspilamarkaðnum hefur notkun spilakassa aukist mjög og spilafíkn vaxið. Hér hefur nokkur samkeppni verið á markaðnum. Fern félagasamtök sameinuðust reyndar um Íslenska söfnunarkassa á árinu 1996. Hins vegar hefur Happdrætti Háskóla Íslands veitt þeim verulega samkeppni á undanförunum árum og hefur verið vöxtur í starfsemi þess fyrirtækis.

Þótt almennt fjárhættuspil sé bannað hér á landi getur fólk tekið þátt í því á veraldarvefnum. Þar bjóða ótal spilavíti þjónustu sína. Þátttakandinn gefur upp greiðslukortanúmerið sitt og spilar. Engar reglur gilda um hámarksfjárhæð vinninga. Þórarinn Tyrfingsson segir að í könnun SÁÁ hafi komið í ljós að einstaka menn væru að spila fyrir verulegar fjárhæðir á Netinu.

Óþægileg fjáröflun

Tilfni þessarar samantektar er frumvarp Ögmundar Jónassonar og fjögurra annarra alþingismanna þar sem kveðið er á um afnám heimilda til reksturs spilakassa. Frumvörpin, sem reyndar eru tvö, voru fyrst lögð fram fyrir tveimur árum og eru nú endurflutt. Í greinargerð kemur fram að þegar frumvörpin voru lögð fram í fyrra skiptið hafi umsagnir skipst nokkuð í tvö horn. Þeir umsagnaraðilar sem andmæltu frumvarpinu hafi allir átt fjárhagslega hagsmuna að gæta og bent á að þjóðþrifastarfsemi á þeirra vegum yrði í fjárþröng ef söfnunarkassar yrðu ekki lengur leyfðir. Mikill stuðningur hafi hins vegar verið við frumvörpin hjá þeim sem gleggst sjá afleiðingar spilafíklar og þeim sem sinna málefnum ungs fólks.

Það kemur fram í samtölum við forsvarsmenn félagasamtakanna sem standa að rekstri spilakassanna að þeim finnst mörgum erfitt að þurfa að standa í þessum rekstri. Þeir réttlæta hann fyrir sér með ýmsum hætti. Nefna mikilvægi fjáröflunarinnar fyrir samtök þeirra og stofnanir. Starfsemin yrði ekki svipur hjá sjón ef spilakassarnir yrðu bannaðir. Þórarinn Tyrfingsson hjá SÁÁ segir að það sé ekki hlutverk félagasamtakanna að ákveða hvort leyft sé að reka spilakassa í landinu. Ef það sé leyft sé ekki verra að ágóðinn renni til þarfra samfélagsmála sem annars hefði þurft að greiða með skattpeningum landsmanna. Að öðrum kosti myndi ágóðinn renna til ríkisins eða einstaklinga. Guðmundur Sigurbergsson hjá Happdrætti Háskólans segir að aðeins lítill hluti þeirra sem noti spilakassana hafi ekki stjórn á sér,

svipuð lögmál gildi um spilafíkn og áfengissýki. Hann segir að fólk haldi áfram að spila þótt spilakassarnir yrðu fjarlægðir og spilafíklarnir hefðu næg önnur tækifæri til að svara löngun sinni.

Félagasamtökin sem standa að Íslenskum söfnunarkössum styrkja starf SÁÁ í þágu spilafíkla með árlegu fjárframlagi, 2,5 milljónum á þessu ári. Þá kom það fram þegar sagt var frá málahöfðun einstaklings gegn Háskólanum, Íslenskum söfnunarkössum sf. og ríkinu að Rauði Krossinn hafði styrkt fjölskyldu hans fjárhagslega vegna erfiðleika sem hún varð fyrir vegna spilafíklar fyrrverandi eiginkonu mannsins. Maðurinn krefst rúmlega 50 milljóna króna í skaðabætur enda telur hann að rekstur spilakassanna sé ólögleg fjárhættuspilastarfsemi.

Þá hefur komið fram að stjórn Happdrættis Háskólans lét gera siðfræðilega úttekt á málinu þegar hún hóf rekstur happdrættisvélakerfis síns. Kristján Kristjánsson heimspekingur taldi ekki ástæðu til stefnubreytingar.

Leitað verði annarra leiða

Fram er tekið í greinargerðum með umræddum frumvörpum að flutningsmenn skilji mikilvægi samtakanna sem njóta hagnaðar af spilakössunum og því sé mikilvægt að fundnir verði aðrir tekjustofnar til að fjármagna starfsemi þeirra. Hins vegar telja flutningsmenn að þær hörmungar sem ljóst sé að söfnunarkassarnir hafi í för með sér séu svo afdrifaríkar fyrir íslenskt samfélag

að ekkert réttlæti tilvist þeirra. Fylgdu þeir málinu síðan eftir með því að flytja þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd til að gera tillögur til fjáröflunar fyrir Háskóla Íslands, Rauða Kross Íslands, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem komið gæti í stað tekna af rekstri söfnunarkassa.

Landsaðgangur | **hvar.is**
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM